

Landhelgisgæslan sinnti fimm þyrluútköllum á Suðurlandi um helgina



Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar átti sannarlega annarsama helgi, en hún var sex sinnum kölluð út um helgina, og þar af voru útköllin fimm á Suðurlandi.

Síðdegis á föstudag var áhöfnin á TF-GNA, þyrlu Landhelgisgæslunnar, kölluð út vegna reiðhjólmanns sem fallið hafði sex metra niður í gil í Þjórsárdal og misst meðvitund. Þegar þyrla Landhelgisgæslunnar kom á vettvang var maðurinn kominn til meðvitundar og var tekin ákvörðun um að hann yrði fluttur með sjúkrahól á Selfoss til skoðunar.

Á laugardag var þyrlusveitin fjórum sinnum kölluð út. Fyrsta útkallið barst laust fyrir klukkan

fjögur síðdegis vegna vélsleðaslyss við Skálpanes á Langjökli. Kona sem var á vélsleða hafði fallið af honum og var áhöfn þyrlunnar kölluð út á mesta forgangi. Meiðsli konunnar voru ekki jafn alvarleg og óttast var í fyrstu. Henni var komið fyrir um borð í þyrlunni. Þegar þyrlan var að taka á loft frá Langjökli til Reykjavíkur barst annað útkall vegna slasaðs manns sem féll af hestbaki við Úthlíð. Ákveðið var að halda þangað og lenda í Úthlíð og kanna ástand mannsins. Þegar þangað var komið reyndist ekki þörf á að flytja hestamanninn með þyrlunni og var vélsleðakonan flutt á Landspítalann í Fossvogi.

Seinna sama kvöld var hin

þyrluvaktin kölluð út vegna slasaðs björgunarsveitarmanns sem hafði fótbrotnað á gönguleið milli Bláhnjúks og Brennisteinsöldu, um 2 kílómetra suðvestur af Landmannalaugum. Ekki var mögulegt að flytja manninn landleiðina og því varð að kalla til þyrlu. Hann var sóttur af þyrlusveitinni og fluttur á Landspítalann í Fossvogi.

Á sunnudag var þyrlusveitin aftur kölluð út að sama slóða við Bláhnjúk vegna göngumanns sem hafði runnið niður skriðu og slasast. Þyrlan lenti á sama stað og degi áður, sótti göngumanninn og flutti á Landspítalann í Fossvogi.

Nýr yfirlæknir lyflækningadeildar á Selfossi

Helgi Hafsteinn Helgason sérfræðingur í krabbameinslækningum hefur verið ráðinn yfirlæknir lyflækningadeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi frá og með 1. ágúst 2023.

Helgi er nýfluttur til landsins eftir að hafa starfað í Hollandi til fjölda ára. Helgi lauk embættisprófi í lækisfræði frá Háskóla Íslands 1996, hann hlaut sérfræðileysi í krabbameinslækningum 2005 og í klínískri lyfjafræði 2007. Hann hefur starfað sem sérfræðingur í krabbameinslækningum við Haaglanden Medical Center í



Hag frá árinu 2010. Hann hefur árallanga reynslu af meðferð krabbameinssjúklinga, rannsóknnum, kennslu og stjórnun.

Tveir sjúkraliðar HSU útskrifast með viðbótardiplóma frá HA

Þann 10. júní síðastliðinn útskrifaðist fyrsti hópur sjúkraliða sem lagt hefur stund á nýtt tveggja ára fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða frá Háskólanum á Akureyri. Mun færri komust að en vildu. Tvær úr hópnum eru starfs-

menn HSU, þær Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, sjúkraliði og aðstoðardeildarstjóri á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum og Dagný Ómarsdóttir, sjúkraliði og aðstoðardeildarstjóri á Ljósheimum á Selfossi.



Áslaug Steinunn er sú fjórða í miðju röðinni frá vinstri og Dagný er lengst til hægri í neðstu röð.

Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla](https://www.facebook.com/keysrla)

Kennsluráðgjafi óskast



Félags- og Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skafta-fellssýslu óskar eftir að ráða kennsluráðgjafa í 100% starf á grunnskólastigi. Starfsfólk félags- og skólaþjónustu starfar í þverfaglegu og sveigjanlegu starfsumhverfi þar sem lögð er áhersla á samvinnu, snemmtæka iðlutun og farsæld í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Í sveitarfélögum eru fimm grunnskólar. Íbúar eru tæplega sex þúsund. Þau fimm sveitarfélög sem mynda byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu eru: Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fræðsla og ráðgjöf til foreldra og starfsfólks skóla vegna einstaklinga og/eða hópa með fjölbreyttar þarfir.
- Stuðningur og leiðsögn vegna fjölbreyttra og árangursríkra kennsluhátta með áherslu á snemmbæran stuðning.
- Stuðningur við nýbreytni- og þróunarstarf skóla, m.a. með ráðgjöf við stjórnendur og starfsfólk skóla.
- Vinna að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Vinna í þverfaglegu samstarfi félags- og skólaþjónustu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf, staðfesting á réttindum til kennslu.
- Framhaldsmenntun sem nýttist í starfi er æskileg.
- Þekking á fjölbreyttum náms- og kennsluáðferðum.
- Reynsla af kennslufræðilegri ráðgjöf og/eða kennslufræðilegri forystu er kostur.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði og frumkvæði.
- Jákvaett viðhorf, lausnamiðuð hugsun og leikni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð.

Launakjör eru í samræmi við samning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2023. Umsókninni skal fylgja ferilskrá um störf umsækjanda, menntun og nöfn tveggja umsagnaraðila, ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu í síma 487-8125 eða svava@felagsmal.is/ Halldóra Guðlaug Helgadóttir teymisstjóri skólaþjónustu í síma 487-8125 eða halldora@skolamal.is.

Sumargleði í miðbænum

Það verður svo sannarlega mikið um að vera í miðbæ Selfoss í kringum verslunarmannahelgina og Sumar á Selfossi frá 3.-13. ágúst.

Risaskjár verður settur upp á Brúartorgi og verða fjölbreyttir viðburðir í tengslum við hann. Skjáriinn hefur verið uppi á Brúartorgi tvö síðustu ár í tengslum við stór fótboltamót og hefur myndað einstaklega skemmtilega stemningu.

„Stærsti viðburðurinn í ár verður þegar við endurtökum leikinn frá því í fyrra og sýnum frá Brekkusöngnum í Eyjum í beinni útsendingu sunnudaginn 6. ágúst. Í fyrra var torgið gjör-samlega fullt og stemningin stórkostleg. Við vonumst til að sjá jafn mikið af fólki í ár og erum vel undirbúin, veitingastaðir lengja opnunartíma þetta kvöld, útibarir verða á svæðinu, kokteilstöð, markísur úti og hitarar í gangi.“ Segir Elísabet

Ósk Guðlaugsdóttir, verkefna-stjóri í miðbænum.

Dagskrá Sumargleðinnar höfðar til allra og byrjar með Bingó á Brúartorgi á fimmtudaginn nk. kl. 17, enginn aðgangseyrir og frábærir vinningar. Sýnt verður frá útsendingu Helga Björns „Verslunarmannahelgi“ á laugardagskvöldinu. „Við munum svo sýna bíómyndir á skjánum, bæði barnamyndir á morgnana kl. 11 þar sem Grovís mun bjóða upp á kleinuhringi og kókómjólk á meðan á mynd stendur. Á kvöldin sýnum við svo klassískar skemmtilegar myndir eins og Með allt á hreinu, Síðasta veiðiferðin, Grease og fl.“ Segir Elísabet.

Bæjarhátíðin Sumar á Selfossi hefst fimmtudaginn 10. ágúst. Það kvöld munu Leifur Viðars og Már stýra kahoot pub quiz á Brúartorgi og í framhaldinu mætir Guðrún Árný í tröppusöng „singalong“. „Við

vorum með sambærilegan viðburð í fyrra í samstarfi við Sumar á Selfossi sem vakti mikla lukku. Þetta er byrjunin á einni stærstu og skemmtilegustu helgi sumarsins á Selfossi.“

Á laugardegnum verður Zumbapartý á torginu með kokteilum frá Miðbar í lokin. Einnig verður sett upp tjald á torginu þar sem boðið verður upp á ýmislegt skemmtilegt eins og axlar-nudd, skeggsnyrtingu, andlitsmálningu og jafnvel tarotlestur. Gleðinni lýkur svo sunnudaginn 13. ágúst með fjölskyldu kahoot á torginu. Brúarhlaupið er einmitt þennan morgun og því upplagt að enda helgina í kahoot með Leifi og Má.

Dagskránnar í kringum Sumargleðina má finna á samfélagsmiðlum Miðbæjar Selfoss og á viðburðinum „Sumargleði í miðbænum“ á Facebook.



Hamingjan við hafið - bæjarhátíð í Þorlákshöfn

Hamingjan við hafið er bæjarhátíð sem haldin er í ágúst ár hvert í Þorlákshöfn. Í ár verður Hamingjan við hafið dagana 8.-12. ágúst. Sveitarfélagið Ölfus hefur yfirumsjón með hátíðinni en einnig koma bæjarbúar að henni með ýmsum hætti. Markmiðið hefur alltaf verið að viðburðir hátíðarinnar á vegum Sveitarfélagsins séu gjaldfrjálssir svo allir eigi þess kost að taka þátt.

Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá alla dagana og má þar nefna Leikhópinn Lottu, sundlaugapartí fyrir börn og unglinga, harmónikkuball eldri borgara, lautarferð og leikjakvöld. Á laugardegnum verður glæsileg barnadagskrá með hoppiköstulum, vatnaboltum, BMX Brós, fornþýlasýningu, Bestu lögum barnanna, Veltibílum, krakkaballi og söngv-arakeppni svo eitthvað sé nefnt.

Yfir helgina verður boðið upp

á veglega tónleika, bæði föstudags- og laugardagskvöld. Þar koma fram m.a. Sunnan 6, Jónas Sigurðsson, Hr. Eydís, Hreimur, Jón Arnór og Baldur, Katrín Myrra, Moskvít, Langi Seli og skuggarnir, Júlí Heiðar og Kristmundur Axel og Emmisjé Gauti. Körfuknattleiksdeild Þórs verður með sitt árlega körfu-partý á föstudagskvöldinu og

Hamingjuballið verður að sjálf-sögðu á sínum stað á laugardagskvöldinu í kjölfar stórglæsilegrar flugeldasýningar.

Fjölmarginir gestir sækja hátíðina ár hvert og hefur hún fest sig í sessi sem ein skemmtilegasta bæjarhátíð landsins enda Þorlákshöfn bær í hraðri uppbyggingu þar sem tækifærin liggja alls staðar.



ÚTIMÁLNING

Þegar þú velur *útimálningu* og *viðarvörn*
frá **Slippfélaginu** þá ertu að velja *íslenskar*
vörur sem *pola íslenskt veðurfar*.

**SLIPPFÉLAGIÐ**

Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250

Opið:

8-18 virka daga og **10-14** laugardaga

slippfelagid.is

**SLIPPFÉLAGIÐ**

Flúðir um Versló

„Hátíðin verður fallegri og fallegri með hverju árinu“

Um verslunarmannahelgina fer fram Bæjar- & Fjölskylduhátíðin Flúðir um Versló. Er þetta í 6. skiptið frá 2015 sem hátíðin er haldin.

„Tvö ár dattu út vegna pestarskratta en dagskráin er í nokkuð föstum skorðum á milli ára þó að einhverjar nýjungar líti sífellt dagsins ljós. Við fækkuðum dansleikjum á hátíðinni þetta árið og er það í okkar sífelldu leit að fullkomnu plani fyrir fjölskylduhátíð. Nýtt á dagskránni þetta árið er til dæmis Brekkusöngur barnanna sem mun fara fram á sunnudeginum klukkan 17:00 á Sæsabar og er mikil tilhlökkun hjá okkur fyrir þeim viðburði. En auðvitað eru stærstu atriðin nokkuð þekkt eins og til dæmis Furðubátakeppnin sem er að halda uppá 35 ára afmæli í ár. Hún fer fram á sunnudeginum klukkan 15:00, við brúna yfir Litlu-Laxá. Þá þarf ekki að kynna Traktororfæruna sem er vinsælasti akstursíþróttaviðburður Íslands ár hvert. Það er mikið fjör og drullumall. Og verður boðið upp á óvænt atriði

í lokin á þeim viðburði, sem fer fram í Torfdal klukkan 15:00 á laugardegnum,“ segir Bessi Theodórsson, einn skipuleggjenda hátíðarinnar, í samtali við Dagskrána.

Sæsabar á Flúðum verður nokkurskonar heimavöllur hátíðarinnar. Þar er hægt að versla miða á veglega skemmtidagskrá í félagsheimilinu og þar má líka nálgast allar upplýsingar um hátíðina í heild. Upphitun fyrir helgina verður á Sæsabar, fimmtudaginn 3. ágúst, þegar Hlynur Snær kemur og spilar á pallinum.

„Kvölddagskráin er vegleg að vanda og eru það Eypór Ingi ásamt Babies-flokknum sem byrja á föstudagskvöldinu með nokkurskonar „best of Eypór“-dagskrá. Það verður enginn svikinn af góðri blöndu af glenzi og heimsklassa tónlist. Á laugardagskvöldinu eru svo hrikalega fallegir tónleikar með GDRN & Moses Hightower sem verður væntanlega húsfyllir á. Dansleikir verða laugardag og sunnudag og er það í höndum

reynslubolta í „branzanum“ en Stjórnin spilar á laugardag og Greifarnir á sunnudag. Einnig verður brekkusöngurinn í höndum Bjössa og hinna Greifanna Brekkusöngnum verður útvarpað á Bylgjunni og í beinu streymi að öllum líkindum á visir.is,“ bætir Bessi við.

„Laugardagurinn er sínu stærstur og væri glæpur að minnast ekki á stórglæsilega barna- & fjölskylduhátíð sem fer fram á útisviði við félagsheimilið frá 12:00 á laugardegi. Mikið verður um dýrðir, leiktæki fyrir fólk á öllum aldri og skemmtun sem verður í höndum Lalla töframanns. Með honum koma fram Sýlvía og Beinteinn ásamt hundinum Oreó, BMX Bros og fleiri. Allir geta fengið eitthvað gott frá Ölgerðinni til að væta kverkarnar og sitthvað verður í gangi,“ segir Bessi að lokum og bætir við að aðstandendur hátíðarinnar hlakki mikið til að hitta sem flest á Flúðir um Versló 2023.



Ljósmynd: Dagskráin/BRV.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



SVANSMERKI
Prentgripur
1041 0856

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Skammstöfun var útgerð á, óskastaður soldán hjá. Fuglinn í það færður er, fullt er það með ket og smér.

Svar við gátu í blaði 2711: **VÍS**
1. Lína: Tryggir hjá **VÍS** - 2. Lína: **VÍS**, fundinn
3. Lína: **VÍS**, vitur - 4. Lína: Ólag, **VÍS(A)**





Nautakjötspottréttur og Þjóðhátíðar-Hjónabands-sælan hennar Ömmu Gunný

Ég vil fyrst og fremst þakka honum Ársæli Einari, oftast kallaður í daglegu tali Hjónaballasæli eða Hælsæli, kærlega fyrir þessi áskorun. Ég hef nú lúmskt gaman af því að standa í eldhúsinu og elda en þá þarf ég að hafa góða uppskrift mér við hönd þar sem ég get ómögulega eldað án þess að hafa leiðbeiningar hjá mér. Því hentar þessi uppskriftar gluggi vel til þess að ég komi uppskriftum á framfæri sem ég hef mikið dálæti af.

Ég ætla að bjóða uppá tvær uppskriftir og mæli ég ekki með því að borða þetta sama kvöldið þar sem sennilega er ekki pláss í maga þó stór sé. Önnur uppskriftin kemur frá móður minni en hún er mikill ástríðu kokkur þó ekki sé minna sagt. Fyrirvari á þessu er gerður að mögulega fékk móður mín uppskriftina í sjónvarpsþætti eða á öðrum prentmiðli. Ef ég eignast gúllas þá elda ég bara þennan rétt og ekkert annað því annað væru vörusvik við þann sem eldað er fyrir.

Hjónabandssælan hennar Ömmu Gunný

150 gr smjör
170 gr Haframjöl
160 gr Sykur
180 gr. Hveiti
1 Tsk Matarsóti
Rabbabarasulta
Salt

Byrjið á því að kveikja á ofninum og stillið á 200°C blástur. Takið ofnskúffu og klæðið hana með smjörpappír. Hrærið saman smjör og sykur. Setjið svo haframjölið, hveitið, matarsódann og saltið saman við. Hrærið þar til allt er vel blandað saman. Takið helm-inginn af deiginu og pressið niður á smjörpappírinn og passið að það sé jafn þykkt allstaðar. Smyrjið þá rabbabarasultu yfir allt deigið og setjið restina af deiginu yfir. Bakið í ofni í u.þ.b. 25 mín.

Njótið vel,
Takk fyrir mig!
Gleðilega þjóðhátíð.

Ég vil skora á hann Einar Þór Ísfjörð þúsundþjalamann og væri ég helst til í að fá viku matseðil frá honum þar sem maðurinn er vaxinn eins og grískt goð. Ég veit að menn vilja fá upplýsingar um hvað menn eins og hann láti ofan í sig.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ferð UNGSÁ til Frakklands og Grikklands

Í júlí lagði Ungmennaráð Ár-
borgar land undir fót og tók
þátt í tveggja vikna ERAS-
MUS+ verkefni þar sem fyrri
vikunni var eytt í Frakklandi og
þeirri seinni í Grikklandi.

Eldsnemma þann 9. júlí
lögðu 12 ungmenni og 2 starfs-
menn af stað frá Selfossi á
Keflavíkurflugvöll. Upp úr há-
degi lenti hópurinn í París þar
sem þau hittu gríska hópinn,
sem þau ferðuðust síðan með til
smábæjarins Fontanès. Í Fonta-
nès var ungmennaskarinn sam-
einaður, allt í allt voru 36 ung-
menn, frá Íslandi, Frakklandi
og Grikklandi. Næstu dögum
var eytt í smábænum þar sem
ungmennin gistu á heimilum
frönsku ungmennanna.

Á meðan dvölinni í Frakk-
landi stóð var umræðuefnið
mannréttindi. Unnin voru margs
konar verkefni og farið var í
leiki sem snerust um mannrétt-
indi. Ásamt því voru hannaðir
bolir, farið í ratleik um bæinn,
tónleikar og menningarkvöld
þar sem íslensku og grísku hóp-
arnir kynntu löndin sín, kenndu
þjóðdansa og buðu uppá nammi
til að smakka. Hópurinn fór
einnig í dagsferð í franskan úti-
vistagarð, þar sem hægt var að
fara í zip-line, fjallgöngu, utan-
vegahjólreiðar og margt fleira.

Föstudaginn 14. júlí var
komið að því að kveðja smábæ-
inn Fontanès og frönsku fjöl-

skyldurnar og haldið var til stór-
borgarinnar Parísar, á sjálfann
þjóðhátíðardag Frakka. Í París
naut hópurinn þess að horfa á
flugeldasýninguna við Eiffel-
turninn ásamt bátsferð þar sem
ungmennaskarinn sá öll helstu
kennileiti Parísar, Notre Dame,
Grand Palais, Louvre ofl.

Eftir tvær nætur í París hélt
allur hópurinn til Aþenu í Grikk-
landi. Grísku fjölskyldurnar
tóku síðan á móti hópnum á flug-
vellinum og langþráð strandferð
var tekin í kvöldkyrrðinni. Eins
og í Frakklandi gistu ungmennin
heima hjá fjölskyldum Gríska
hópsins. Umræðuefnið í Grikk-
landi var lýðræði og var farið
í leiki og verkefni tengd því,
farið var í ratleik sem tengdist
grískum guðum ásamt íslensku
og frönsku menningarkvöldi. Á
meðan á dvölinni í Grikk-
landi stóð var meðalhitinn um
40 gráður og var því mikilvægt
að hafa aðra strandarferð á dag-
skránni, en einnig var Akropolis
hæðin skoðuð ásamt bænum
Marathon og uppruna hlaupsins
og endaði ferðin á kvöldverði
með bæjarstjóra hverfisins Nea
Ionia í Aþenu þar sem verkefnið
fór fram.

Eftir tvær langar en virkilega
skemmtilegar vikur var ung-
mennaráðið spennt að komast
heim til Íslands og drekka ís-
lenskt vatn. Kveðjustundin var
þó erfið fyrir íslenska hópinn

þar sem náin vinasambönd
höfðu myndast. Þetta var erftir-
minnileg ferð fyrir ungmenna-
ráðið, það var alltaf líf og fjör og
virkilega áhugavert að fá að búa
heima hjá fjölskyldum erlendis
og læra þeirra siði og menningu.
Öll ungmennin sem komu að
verkefninu voru skemmtileg og
opin fyrir nýjum hugmyndum
og menningu. Ungmennaráðinu
hlakkar mikið til að taka á móti
frönsku og grísku ungmennun-
um næsta vor, á Íslandi þar sem
umræðupemað verður Evrópu-
sambandið.



Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Með TM appinu getur þú tilkynnt tjón, fengið bætur greiddar og lokið kaskóskoðun á bíl eða hjóli þegar þér hentar.

Sækja TM appið



Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Auglýsingum skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi breyting á gildandi deiliskipulagi:

Víkurheiði – Breyting á deiliskipulagi

Í gildi er deiliskipulag Víkurheiði, sem öðlaðist gildi með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda þann 25.03.2009. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á skipulaginu. Í aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 er svæðið skilgreint sem athafnasvæði, AT5. Breytingar taka til lóðanna Víkurheiði 1,3,5,13-15 (sameinast og verður lóð 13), 17,18,19,20, 21 og 22. Breytingar nú, snúa að því að laga byggingarreiði og lóðir betur að niðurstöðu nýlegrar jarðvegsrannsóknar á svæðinu. Samfara því er byggingamagn og nýtingarhlutfall aukið, og aðlagð að eftirspurn framkvæmdaðila almennt. Að öðru leyti en að ofan greinir gilda skilmálar eldra skipulags, með síðari breytingum.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillagan er auglýst með athugasemdafresti frá 3. ágúst til og með 14. september 2023.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 14. september 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Verð rangeygður af því að lesa Thomas Bernhard segir lestrarhesturinn Brynjólfur Þorsteinsson

Brynjólfur Þorsteinsson er þrjátíu og tveggja ára rit höfundur frá Hvolsvelli. Hann bjó á Selfossi um tíma og gekk í FSu. Brynjólfur hefur gefið út þrjár bækur, ljóðabækurnar Þetta er ekki bílastæði og Son grafarans og skáldsöguna Snuð sem kom út í fyrra.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Milan Kundera féll frá á dögunum og ég fattaði að ég hafði aldrei lesið Ódauðleikann eftir hann, sem margir segja að sé hans besta bók, þannig ég skottaðist á bókasafnið. Svo er ég að hlusta á Arfur og umhverfi eftir Vigdís Hjörth, svona þegar ég nenni að fara út að hlaupa eða ryksuga eða eitthvað en hún var einhver skemmtilegasti gesturinn á Bókmenntahátíð í Reykjavík um daginn. Svo var ég að kaupa mér Rúmmálsreikningur 1 eftir Solvej Balle sem ég er mjög spenntur fyrir, fjallar um konu sem lifir sama daginn aftur og aftur, eins og Groundhog Day nema danskur sjóleikur um eðli tímans, fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2022.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Tilraunakenndar og nýjunga-gjarnar. Hressar og skemmtilegar. En líka gamlar og leiðinlegar.

Ertu alinn upp við lestur?

Ég las aðallega Andrésblöð sem krakki en pabbi var duglegur að lesa fyrir mig á kvöldin. Mamma er mikill lestrarhestur og afi átti gott bókasafn sem ég gekk í. Þannig að já, ég myndi segja það.

Hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Ég les margar bækur í einu og klára ekki alltaf. Ekkert sérstaklega góðar venjur en það er hægt að venja sig á margt verra.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Þeir eru nokkrir, já. Fjodor Dostojevskí snerti taug í mér þegar ég var í kringum tvítugt, sem er rétti tíminn til að lesa Dostojevskí held ég. Ungverski rithöfundurinn Laszlo Krasznahorkai er í miklu uppáhaldi, hann er einfaldlega meistari, ég skal hundur heita ef hann fær ekki Nóbélinn áður en hann hrekkur upp af. Thomas Bernhard er líka í miklum metum hjá mér þessa dagana, enginn skrifar þráhyggju betur, maður verður rangeygður af því að lesa hann lengi, sem er kostur í mínum bókum.

Einhverjar uppáhaldsbækur?

Uppáhaldsbækurnar mínar eru tvær: Meistarinn og Margaríta eftir Mikhaíl Búlgakov sem opnaði fyrir mér heim bók-



menntanna þegar ég var unglingur og The Melancholy of Resistance eftir Laszlo Krasznahorkai sem gerði eitthvað óafturkræft við höfuðið á mér þegar ég las hana þegar ég var svona 25 ára.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Mínar eigin, já, svona þegar maður er í miðjum skrifum.

Hvernig lýsir þú svo eigin verkum?

Það er góð spurning. Skáldsagan Snuð, sem kom út fyrir jól, fjallar um mann sem elskar að sjúga snuð, þannig ætli ég segi ekki að bækurnar mínar fjalli um menn sem elska að sjúga snuð.

Tillögur að áhugaverðum lestrarhestum sendist á jonozur@gmail.com

Tímamótasamningur um tannréttingar

Heilbrigðisráðherra, ásamt fulltrúum Sjúkratrygginga og tannréttingasérfræðinga, undirrituðu samning um tannréttingar í heilbrigðisráðuneytinu nýlega. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur samningur hefur verið gerður um þjónustu tannréttingasérfræðinga.

Samningurinn felur í sér mikilvæg tímamót og skapar meðal annars forsendur til þess að auka greiðsluþátttöku ríkisins í tannréttingum.

Samningurinn, sem er til þriggja ára, tekur gildi 1. september næstkomandi og tekur til tannréttingaþjónustu á eigin stofum tannréttingasérfræðinga fyrir sjúkratryggða einstaklinga. Undir samninginn falla bæði almenningar tannréttingar barna, þar sem Sjúkratryggingar greiða tannréttingastyrk, sem og nauðsynlegar tannréttingar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

Samhliða gildistöku samningsins munu styrkir vegna almennra tannréttinga hækka, en í dag heyrir styrkur til tannréttinga frá Sjúkratryggingum upp á 150.000 kr. ef föst tæki eru sett á a.m.k. 10 fullorðinstennur í hvorum gómi, en kr. 100.000 ef

föst tæki eru aðeins sett í annan góminn. Meðal skilyrða fyrir slíkum styrk er að tannréttingar hefjist fyrir 21. aldursár.

Staða sjúklinga styrkt verulega

Með tilkomu samnings um tannréttingar er staða sjúklinga styrkt verulega. Til viðbótar við aukna greiðsluþátttöku ríkisins í tannréttingum kveður samningurinn á um samstarfsnefnd sem stuðlar að auknu samstarfi og samtali milli hagaðila og tekur á álítamálum sem upp koma varðandi framkvæmd samningsins. Jafnframt er kveðið á um virka þátttöku í þróun stafrænna lausna, nýrrar tækni og nýsköpunar sem leiðir til aukinnar hagkvæmni og gæða í þjónustu.

Vinna við breytingar á gildandi reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækn-

ingar stendur nú yfir og stefnt er á að ný reglugerð taki gildi samhliða gildistöku samningsins. Í henni mun koma fram fjárhæð styrks til almennra tannréttinga og nánari útlístun á greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga.

„Þetta er mikilvægur samningur sem skapar forsendur til að auka greiðsluþátttöku ríkisins við tannréttingar og draga þannig úr kostnaði þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda, í takt við áherslu ríkisstjórnarinnar,“ segir Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra.

„Það er ákaflega ánægjulegt að nú hafi í fyrsta sinn tekist að semja um alla þjónustu á sviði tannlækninga og skapa þannig forsendur fyrir aukin stuðning við þá sem mest þurfa á þjónustunni að halda,“ Sigurður Helgi Helgason, forstjóri Sjúkratrygginga.



Ljósmynd: Freepik.

Hvað á að gera um helgina?

Líkt og alþjóð veit, er Verslunarmannahelgin framundan. Verslunarmannahelgin er kennd við frídag verslunarmanna, fyrsta mánudag í ágúst-mánuði. Sú dagsetning hefur haldist óbreytt frá árinu 1934. Áður höfðu verslunarmenn í Reykjavík átt frídag á ýmsum dögum frá 1894.

Samkvæmt svari Dr. Árna Björnssonar á Vísindavefnum, við spurningunni um hver sagan á bakvið hátíðahöld um verslunarmannahelgina sé, segir að tímasetningin eigi rót að rekja til fyrstu þjóðhátíðarinnar sem haldin var í Reykjavík 2. ágúst 1874. Eftir síðari heimsstyrjöld varð frídagur smám saman almennur frídagur, notaður til ferðalaga og almenns skemmtanahalds.

Eftir styrjöldina fór verslunarmannahelgin smám saman að taka á sig þá mynd sem hún

hefur í dag, með skipulögðum útihátíðum og ferðalögum og mánudagurinn varð í reynd almennur frídagur. Ferðafélög og skrifstofur byrjuðu að gangast fyrir löngum helgarferðum, til dæmis í Þórsmörk, Húsafell og Vaglaskóg. Ungt fólk fór snemma að nýta sér hina löngu helgi til útilegu í nánd við dansleiki. Þegar árið 1952 er kvartað yfir „Óheyrulegri ölvun og skrilmennsku“ um verslunarmannahelgina, einkum við Hreðavatnsskála, þar sem „ölmóður óspektarlýður framdi mikil spell“.

Við hjá Dagskránni bindum miklar vonir við að engin spell verði unnin af ölmóðum óspektarlýð um helgina en við höfðum samband við nokkra af forsvarsmönnum tjaldsvæða á Suðurlandi sem flestir báru það sem af er sumri góða söguna.

Þau hjá **Tjaldsvæðinu í Hveragerði** segja sumarið hafa verið frábært og búast þau við því að allt verði fullt hjá þeim um helgina.

Hjördís á **Tjaldsvæðinu á Stokks-eyri** segir sumarið hafa verið rólegra en síðasta sumar en að þó hafi nokkuð verið um að vera, aðallega túristar, enda var sumarið ansi lengi að byrja. Hún segist ekki gera sér grein fyrir því hverju megi búast við um helgina, en miðað við fallega veðurspá gæti orðið eitthvað af fólki „En tjaldsvæðið okkar er mjög stórt og tekur við ansi mörgum,“ segir Hjördís.

Sumarið hefur verið annasamt á **Tjaldsvæðinu í Þorlákshöfn**, nóg að gera, sérstaklega um helgar og ekki hefur vantað túristana „sem koma yfirleitt um kvöldmatarleytið og eru farnir við sólarupprás.“ Þau gera ráð

fyrir því að þangað komi nóg af gestum um helgina, enda veðurspáin góð.

Ásta Halla Á **Tjaldsvæðinu á Hvolsvelli** segir sumarið hafa verið geysilega gott og reikna þau með því að gríðarlegur fjöldi sæki þau heim um helgina, þar sem þau hafa nýverið stækkað svæðið.

Í **Þakgili** hefur sumarið verið frábært það sem af er og reikna þau með töluvert af fólki sem vill njóta náttúrunnar þar um helgina ef veðurspáin verður góð.

Ægir á **Tjaldsvæðinu á Eyrarbakka** segir sumarið hafa verið mjög gott og gera þau ráð fyrir svipuðum fjölda og undanfarnar helgar ef veðurspáin verður þeim í hag.

verðum fjölda um helgina ef vel viðrar, en segja annars erfitt að spá til um það. Þau bjóða upp á hamfaragöngu, ratleik, brennu og söng, barnastund og daglegar fræðslugöngur með landverði til 15. ágúst.

Magðalena á **Tjaldsvæðinu við SkógafoSS** segir sumarið hafa verið afar gott, gríðar mikil traðffík yfir daginn og margir gistigestir. Hún segir frábært hvað veðrið hefur leikið við þau í sumar. Stærstur hluti tjaldgesta eru erlendir ferðamenn og afskaplega margir eyða tíma hjá þeim sem stefna á göngu yfir Fimmvörðuháls til að skoða sig um á fallega landinu okkar. Hún segir þau á tjaldsvæðinu reikna með því að áfram verði heilmikið að gera fram í september og eiga þau von á góðri verslunarmannahelgi, þó að ekki sé skipulögð dagskrá í nágrenninu.

Á **Laugarvatni** segir Baldvin að sumarið hafi verið töluvert betra en þau síðustu og að júlí mánuðurinn í ár sé sá besti hingað til, en Fagra Frón ehf. tók við rekstri tjaldsvæðisins árið 2020. Þá segir Baldvin að það megi lýsa því myndrænt í stuttu máli með því að horfa yfir sviðið að ferðabjónustan sé í heild sinni að hefja sig á flug inn í betri tíma okkur öllum til heilla. Þau eigi von á þó nokkru fólki um verslunarmannahelgina en þau bjóði ekki upp á föst stæði yfir sumarið, heldur leggja þau áherslu, þar sem svæðið er stórt, á að fólk geti haft „prívat“ stæði fyrir sig í náttúrunni eins og erlendu ferðamennirnir sem heimsækja þau elska.

HGL



Ljósmynd: Freepik

Tónleikar Morjane Ténéré í Stokkseyrarkirkju

Hin seiðmagnaða söngkona Morjane Ténéré hefur tónleikaferðalag sitt um landið í Stokkseyrarkirkju næsta föstudagskvöld þann 4. ágúst.

Með henni leikur fransk-íslenski tónlistarmaðurinn Christian Helgi Beausnier en

þau er bæði búsett í París.

Lög Morjane eru innblásin af þjóðlögum, blústónlist og tónlistarhefðum Norður-Afríku og frumbyggja Ameríku. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30 og verður miðasala við innganginn.



Við verðum með sýningu laugardaginn 5.ágúst. Staðsett í Sunnumörk 2, Hveragerði. Allir velkomnir að koma að skoða og prófa. Hlökkum til að sjá ykkur

ehjol.is - ehjol@ehjol.is - Hrísmýri 5
800 Selfoss - S:555-0595

Sumarið

Ef lítið er til sumarhiminsins má alloft sjá að sólin leitast við að fela sig bak við skýin eða að skýin frekjust við að koma í veg fyrir að við Frónbúar fáum að njóta hennar, enda ekki sjálfgefið hér á okkar kalda og sólar-sparsama landi að við fáum langan hlýjan og sólríkan veðurkafla eins og þann sem við fengum að njóta nú í nýliðnum júlímánuði. Flestir eru þó svo vel staddir að eiga klæði sem henta til útivistar hvort sem sumarhitinn er við frostmark eða hefur í einu stökki lyft sér að tuttugu gráðu plús-markinu. Sjá má bjartsýnisfólkið draga fram stuttbuxurnar sem legið hafa og rykfallið í skúffum og skápum og litaglöð sumarföt kvenna eru einnig dregin fram og svo hinna sem ólundarlega líta til himins og búast stöðugt við að góðviðrinu ljúki og klæðast því af gömlum vana vatnsfráhrindandi haustfatnaði en, sleppa því að renna rennilásnum á úlpunni alveg upp að höku.

Húseigendur hlaupa til og nýta góðviðrið til að sinna ýmsum nauðsynlegum utandyra-viðhaldsverkefnum sem blauta sumarið á síðasta ári gaf aldrei færi á að sinna. Verkefni eru mörg og margvísleg: það þarf að mála þakið, bletta veðurbarna viðarklæðningu utanhús þar sem það á við og bera viðarvörn á veðraðan pallinn. Skjólveggir þurfa líka sitt viðhald og er athyglisvert að verða vitni að mismunandi litasmekk og sjálfsstæði húseigenda og þó einkum þeirra sem búa í raðhúsalengjum og láta ekki neitt rugla sína litagleði, því þó nágranninn hafi í síðustu viku málað sína veggjula þá finnst öðrum falletta að skarta brúna hjá sér og hvorugum hefur dottið í hug að hafa samráð sín á milli með litaval áður en lagt var af stað og útkoman stingur í augu.

Fólk er einnig mishugmyndaríkt með sumarskreytingar við hús sín; margir setja blóm í beð og potta, aðrir skreyta með laufguðum lágvöxnum trjáplöntum, gjarnan blómstrandir, og enn aðrir bæta við ýmsum skrautmunum. Svo eru þeir sem ávalt skáka okkur hinum með auðugu hugmyndaflugi sínu og stilla upp vetrardekkjum bíla sinna og öðru dóti við inngang og aðkomu húsa sinna. E.t.v. eru einhverjir sem ekki kunna að meta slíkar skreytingar, en við lifum í frjálsum landi og sist af öllu má skerða sköpunargleði hinna

sjálfstæðu og hugmyndaríku með smámuna- og afskiptasemi. Ávallt gleður það sinnið að sjá léttklæddar mæður ýmist á leið með börn sín fótgangandi undir skýlétum himni til glæsilegra leikvalla sem víða má finna og þau börnin sem eldri eru þeysast gjarnan á undan á velútbúnum reiðhjólum. Unglingarnir bruna síðan hjá á rafhlaupahjólum misvel búnir með tilliti til öryggis þeirra sjálfra og gjarnan með farþega fyrir aftan sig, en þannig er það jú að vera unglingur að láta öryggisreglur og áhættur ekki trufla sig við daglegar athafnir og leik.

Túnin eru fagurgræn og fulllaufguð tré sem háðu tvísýna baráttu við Veturkonung fram eftir köldu vori hafa greinilega haft sigur og sjaldan verið meira augnayndi. Skemmtileg tilraun við gróðursetningu Epla og Plómutrjáarsprotta var gerð í mínum heimabæ Selfossi síðastliðið haust og frameftir vori virtist sem þau hefðu tapað slagnum við veðurguðina, en hlýr og vindhægur júlímánuður virðist hafa bjargað því sem bjargað varð og eru sprotarnir nú rúmlega metersháir, líflegir og líklegir til að skapa sér tilverurétt við erfið skilyrði. Verður gaman að fylgjast með hverju fram vindur með þá á næstu árum. E.t.v. munum við geta notið þroskaðra epla og plóma er fram líða stundir, eftir nokkur ár og e.t.v. munu aðrir fylgja í fótsporin svo áður en langt um líður fari að sjást ávaxtatré í húsagörðum fólks víða.

Erlendis frá berast fréttir af manntjóni, ofsahita, gróðureldum og skaðaregni sem veldur miklu tjóni á mannvirkjum og heimilum fólks ásamt flóðum af völdum hnattlægrar hlýnunar af mannavöldum. Hér heima kætumst við ákaflega ef hitinn að sumarlagi dansar við 15-18 plúsgráðurnar. Fyrripart sumars fengu austfyrðingar og norðlendingar að njóta veðurbliðu og svo sunnlendingar og vestlendingar nú um mitt sumar og verður spennandi sjá hverjir njóta síðan þess sem útaf stendur sumars. Á sama tíma hafa meginlandsbúar margir hverjir þurft að búa við 30-40 plúsgráður auk annara veðurfarslegra öfga. Er ekki bara best þrátt fyrir allt að búa á Íslandi?

Ómar V. Franklínsson
Selfossi.

Gott fjölskylduvænt
tjaldsvæði á
Suðurlandi

Upplýsingar og bókanir
á parka.is/laugarvatn

TJALDSTÆÐI-LAUGARVATN
LAUGARVATN-CAMPING

Grenndarstöð!

Hvað er það fyrir eitthvað?

Grenndarstöð er svæði með gámum þar sem hægt er að skila frá sér sorpi/verðmætum sem falla til af heimilinu, (textílefni, ál og gler). Samkvæmt íslensku orðabókinni þýðir grennd nágrenni og nágrenni þýðir hér nálægt eða á nálægu svæði. Í Árborg eru fimm grenndarstöðvar. Við íþróttavöllinn á Selfossi, við Sunnulækjarskóla, við áhaldahúsið á Stokkseyri, við Búðarstíg á Eyrarbakka og í Tjarnarbyggð. Ekki eru allir íbúar svo heppnir að búa í þessum nágrennum og þurfa því að gera sér ferð á grenndarstöð í stað þess að geta gengið að einni í sínu nágrenni. ER ÞAÐ SATT sem ég heyri að það sé léleg umgengni við þessar grenndarstöðvar?

Nú til dags er sorp verðmæti og hefur reyndar verið lengi og ef þú vissir það ekki þá fær sveitarfélagið greiðslur úr Úrvinnslusjóði fyrir að skila hreinu, flokkuðu sorpi. Viljum við aðstoða sveitarfélagið okkar við að fá sem mest úr þessum sjóði? Vantar sveitarfélaginu okkar ekki pening? Mér skilst að því betri og hreinni flokkun, því meiri peningur! Af hverju eru þá ekki fleiri grenndarstöðvar í sveitarfélaginu? „Af því að það hefur verið svo léleg umgengni á þeim“ svaraði Ágúst Þór hjá Mannvirkja og Umhverfissviði þegar ég spurði hann. Hann talaði einnig um að sveitarfélagið

fengi greitt fyrir það sem við setjum í heimilistunnurnar okkar og það sem við förum með á grenndarstöðvar, en ekki fyrir það sem við förum með á Gámsvæðið. Þar borgum við fyrir að flokka!! Það ætti að vera öfugt.

Ég er enginn sérfræðingur í bókhaldi né í að lesa úr fjárhagsáætlunum en ég gat hvergi séð tekjur frá Úrvinnslusjóði í ársreikningunum og samkvæmt meðfylgjandi skjáskoti úr fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 -2026 virðist bara eiga að nota fjármagn í Gámsvæðið!! (ATH upphæðir eru í þúsundum króna) Samkvæmt því sem Ágúst segir ætti að vera arðbærara að fjölga grenndarstöðvum frekar en að eyða miklu í Gámsvæðið. Gaman væri ef einhverjir sem kunna betur að lesa ársreikninga og fjárhagsáætlanir, eða jafnvel þeir sem gerðu þessa reikninga og áætlanir, upplýstu okkur almennu borgarana hverjar tekjurnar frá Úrvinnslusjóði eru á móti rekstrarkosnaði á sorphirðu.

En tilgangurinn með þessari grein er ekki að skammast út í stjórndur Sveitarfélagsins Árborgar heldur frekar opna augu okkar allra fyrir því að sorp er verðmæti og því betur sem við flokkum og skilum því arðbærara. Í Draumalandinu þá borgar sveitarfélagið okkur fyrir að flokka og skila, en við búum ekki þar. Það besta sem við getum gert fyrir umhverfið



er að kaupa minna af hlutum sem enda í ruslatunnunni. Það er ætlast til að við flokkum sorpið okkar í 7 flokka. Fimm af þeim getum við sett í tunnur við heimilin en þrjá af þeim þurfum við að fara með á grenndarstöðvar, sem eru því miður af skornum skammti í sveitarfélaginu, sem leiðir til þess að þeir enda sem óflokkað sorp frekar en verðmæti sem sveitarfélagið getur nýtt. Það er svo efni í aðra grein hvernig við göngum frá þessum fimm flokkum við heimilið til að búa til verðmæti. Hvernig væri að við tækjum öll höndum saman og stöldruðum aðeins við áður en við kaupum næsta hlut sem gæti endað í sorptunnunni. Hugsaðu: Hvar endar það sem ég er að kaupa? Hver borgar fyrir förgunina? Er það ég eða þú?

Þakkir og bros
Kristjana Hrund Bárðardóttir,
framhaldsskólakennari
og sorpflokkari til 25 ára

08 Hreinæatismál				
Gámasvæði við Víkurheiði				
Yfirborðsfrágangur og búnaður	5.000	5.000	5.000	5.000
08 Hreinæatismál alls	5.000	5.000	5.000	5.000




Graffiti með Össa

Graffiti með Össa, sumarnámskeið í listasafni Árneseinga verður haldið 8. – 11. ágúst á milli 13-16:30

Össi var með námskeið síðasta sumar sem var mjög vel heppnað og við viljum endurtaka leikinn. Námskeiðið fer fram að mestu leyti utandyra svo mikilvægt að mæta alltaf klædd eftir veðri og er aldurinn miðaður við 11-16 ára.

Takmarkaður fjöldi er á námskeiðið. Skráning er nauðsynleg og fer fram á listasafn(hjá)listasafnamesinga.is



Kaffikarlarnir fara í ferðalag

Flesta morgna koma heiðursmenn saman í Bókasafni Árborgar. Þeir dreypa á kaffi og ræða allt milli himins og jarðar, þakklátir lífinu fyrir allar gjafir þess.

Vorferðin var farin í maílok upp í Hrunamannahrepp. Guðmundur Tyrfingsson ljáði bíl og Þórður Sigurðsson frá Stóru-Sandvík var undir stýri, öllu vanur til sjós og lands. Þegar allt kom til alls fjölgaði kaffikörlunum verulega og urðu ferðafélagarnir þrjátíu og fimm. Veðrið var með þeim hætti að dagurinn boðaði fyrsta alvöru sumardaginn. Á slíkum dögum eiga Gullhrepparnir ekki sinn líka.

Á hreppamörkum var mættur Jón Hermannsson á Högnastöðum, ekki skorti okkur því leiðsögnina. Jón þekkir hvern hól, fjöllin og fólkið í hreppnum í fimm ættliði. Fyrsti áfangastaður var prestssetrið Hruni. Séra Óskar Hafsteinn Óskars-son hafði lofað að taka hópinn til bæna og segja sögu staðarins og minnst margra sem þar þjónuðu. Valdimar Briem fékk mikið lof enda á hann 85 sálma í sálmaskránni, menn risu úr sætum og sungu einn af sálmunum hans. Sveinbjörn Sveinbjörns-son hefur lengst allra setið í Hruna, mörgum minnisstæður fyrir hressilegt tungutak og enga hálfvelgju.

Óskar sagði okkur frá Hruna-dansinum og hinum lífsglaða presti sem vildi í gleði sinni taka „einn hring enn móðir mín.“ Móðirin Una bað hann aftur og aftur að hætta og ögra ekki myrkraðflunum. Presturinn tók

einn hring enn og kirkjan sökk, farið upp á hjallanum sést þar sem kirkjan stóð. Óskar bætti við að margir haldi að nú steðji hætta að Hruna. Þar starfi glaðsinna prestur og kona hans heiti Una.

Óskar fór hlýjum orðum um Jarlinn Gissur Þorvaldsson sem lék sér sem barn í hlaðvarpanum enda alinn upp í Hruna. Þegar Gissur kom heim í Hruna með hatt Jarlstignarinnar sagði móðir hans, „þessi hattur minnir bara á hettunar Gissur minn,“ síðan bera þessi tignarlegu fjöll Tungnamanna heitið Jarlhettur.

Þeir Selósmenn, Stefán Jónsson frá Þverspyrnu ferm-ingarborn kirkjunnar og Hilmar Björnsson trésmiður voru í hópnum en Stefán bætti mjög aðstöðu sóknarbornanna og lagfærði harða og vinkilbyggða bekkina, gerði fólkinu bærilegra að hlusta á guðsorðið. Hilmar dró hins vegar upp fornan nagla úr kirkjubekknunum og veifaði eins og Skarphéðinn í brenn- unni jöxlunum úr Þráni Sigfús- syni. Loks fór Óskar með söfnuðinn í safnaðarheimilið. Brún- in lyftist á mörgum, presturinn dró fram besta messuvínið sem kaffikarlarnir höfðu smakkað. Mörgum fannst sem syndirnar hyrfu á einu augabragði. Óskar er magnaður prestur, flytur hvað bestar ræður yfir mönnum á burtfarardaginn. Einhverju sinni hélt hann svo magnaða ræðu, mér varð að orði: „þetta var mögnuð ræða Óskar minn, mann fer bara að langa til að deyja þegar maður heyrir svona ræðu.

Sólheimasafnið

Næst var farið að Sólheimum til Esterar Guðjónsdóttur og Jóhanns Brynjólfs Kormáks-sonar. Þau hafa byggt nýttu fjós en í gamla fjósinu og í hlöðunni hafa þau komið upp frábæru safni, Samansafninu á Sólheimum. Þar inni er margt skemmtilegt frá æskudögum gestanna, minjasafn, gamlir innanstokksmunir, traktorar, vélar og glæsilegir antikbílar, m.a. drossía Emils Gunnlaugs-sonar á Flúðum. Mesta athygli vakti ráðherrabíll þess fræga fótoltamanns og ráðherra, Al-berts Guðmundssonar.

Að Kluftum

Næst var haldið að hinum fræga bæ Kluftum, þar fæddist Huppa formóðir allra íslenskra kúa. Kluftir fóru í eyði 1954, bræðurnir Garðar og Brynj-ólfur Gestsynir voru í ferðinni en hér slitu þeir barnsskónunum. Ævintýri gerast enn, nýtt íbúð- arhús er risið á Kluftum og þar búa skógarbændurnir Björn Bjarndal og Jóhanna Róberts- dóttir. Björn starfaði hjá Skóg- ræktinni og var framkvæmda- stjóri Suðurlandsskóga. Björn var heima og í veðurbliðunni gerði hann vel við gestina, fræddi þá um söguna og áform þeirra að eignast og endurreisa Kluftir og setjast þar að. Birni mæltist vel enda mælskumaður úr jarðvegi ungmennafélags- hreyfingarinnar. Tækni nú- tímans er komin að Kluftum, rafmagn og ljósleiðari og svo virkjuðu þau jarðvarmann með varmadælu og spara kynding- una. Ræðuna hélt Björn við

heita pottinn og sagði frá fjöl- skylduvininum, refnum Skugga sem læðist að pottinum, nýtur ylsins og fær stundum kjötbita í kjaftinn. Björn rakti sögu Klufta og gerði Huppu skil. Hann undirbýr Huppudag 2026, þá verða hundrað ár frá fæðingu ættmóðurinnar. Gestirnir báðu nú búfræðikandidatin Guð- mund frá Hraungerði að flytja minni Huppu.

Pikkföst rúta

Björn taldi Þórði trú um að gamli vegurinn að Klufta- bænum væri fær rútum. Þórður kallar ekki allt ömmu sína, lét til leiðast og þræddi hinn mjóa veg en sá að þetta var glæfra- ferð, hvergi hægt að snúa við. Hann skipaði ferðafélögunum að ganga síðasta spölinn að bæjartóftunum, enginn sá eftir því og bræðurnir Garðar og Billi voru komnir heim. Þórður tók hins vegar að bakka rú- unni, í einni beygjunni fór rútan of langt út í kantinn. Þórður hljóp út, sló saman höndunum og sagði „ég hreyfi hana ekki fyrr en kemur jarðýta.“ Sam- koman þagnaði, Björn bóndi dó ekki ráðalaus og hringdi að Sólheimum, ræsti út Ingvar, ungan og vaskan. Þarna í sól- skininu lágu ferðafélagarnir eins og hráviður um alla móa. Ekki væsti um þá, sólin bakaði þá eins og á Tene, seðlabanka- stjóri fékk þó enga tásmynd. Rútan var hengd aftan í stærsta traktor Hrunamanna. Obbisi, hún losnaði.

Aldís heiðrar hópinn

Nú var haldið til byggða og

komið á Hótel Flúðir. Margrét Runólfsdóttir skeinkti sína síð-ustu máltíð á hótelinu, búin að selja ungum athafnamönnum hótelið.

Aldís Hafsteinsdóttir sveit- arstjóri heiðraði hópinn. Aldís er sigursæll stjórnmálamaður og hefur unnið glæsilega kos- ingasígra í Hveragerði, hafði nærri 70% fylgi þegar best lét. Fyrir henni fór eins og mörg- um hetjum, hún féll í síðustu kosningum. Hún var reist við á fyrsta degi, nú sem sveitarstjóri Hrunamannahrepps með nýjum meirihluta sem Jón Bjarnason í Skipholti fer fyrir. Aldís er á heimavelli og einn reyndasti sveitarstjórnamaður landsins. Nú er Hrunamannahreppurinn heitasta sveitarfélag landsins með höfuðborg sína á Flúðum og heita vatnið gæti annað allri Arnessýslu.

Yfir Hvítá

Við ókum nú yfir Hvítá um Bræðratungu og þær miklu brýr sem breyttu landslagi uppsveit- anna. Nú var tekin hestaskál við hestastein Bjarna Kristinssonar kaupmanns á Brautarhóli. Hann bauð gestunum í gróðurhús og bar fram kræsingar sprotnar undan orku móður jarðar og sólinni. Jafnframt veitti hann guðaveigar í staup, sagði sögur og við skynjuðum fljótt að Biskupstungunna búa ekki síður yfir sjarma en hrepparnir. Að leiðarlokum var haldið niður Grímsnesið góða úr Gull- hreppunum og Sultartungum í Svarta-Flóa eins og Ögmundur Pálsson biskup orðaði það.



Það var býsna þétt setinn bekkurinn í Hrunakirkju.



Hópurinn stillti sér upp á hlaðinu á Kluftum.



Bræðurnir frá Kluftum, Garðar og Brynjólfur Gestsynir ásamt núverandi Kluftabónda, Birni Bjandal.



Séra Óskar segir frá Hruna frægasta dansi Íslandssögunnar.



Sumir þessara karla hafa ekki legið flátir á berri jörðinni og sleikt sólina í áratugi, en nutu þess nú vel.



Stóru hestöflin í sveitum landsins í dag eru fær um allt.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa í Selfosskirkju sunnudag-
inn 6. ágúst kl. 11. Sr. Gunnar
Jóhannesson þjónar fyrir altari.
Verið öll hjartanlega velkomin.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrvægi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbótum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með **Nudd og
svæðanuð** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

TIL SÖLU

Audi Q5 2017:
Audi !5 2017 til sölu.
Ekinn 73.000km, góður bíll.
Sumar og vetrardekk á felgum
fylgja. Verð 5.250.000.
upplýsingar í síma 899-1810

Pistill oddvita Rangárþings ytra

Það er stundum sagt að tíminn
líði hratt þegar mikið er um
að vera og verkefnið mörg. Og
það hefur svo sannarlega verið
nóg að gera hjá starfsfólki og
þeirri sveitarstjórn sem tók við
fyrir rúmu ári síðan.

Mig langaði í þessum pistli að
fara yfir helstu framkvæmdir sem
annað hvort eru þegar komnar til
framkvæmda eða unnið að undir-
búningi og vinnslu.

Grunnskólinn á Hellu og
íþróttavallasvæðið

Stærsta einstaka framkvæmd
sveitarfélagsins er viðbyggingin
við Grunnskólann á Hellu, nú er
unnið að lokafrágangi 1. áfanga
verksins og verður byrjað að
kenna í nýju húsnæði í haust.
Samhliða því er unnið að því að
koma fyrir bráðabirgðarhúsnæði
á skólasvæðinu fyrir smíði og
myndmennt. Framkvæmdir eru
hafnar við jarðvinnu vegna 2.
áfanga og er verktakafyrirtækið
Þjórtandi verktakinn eins og í
fyrri áfanga. Búið er að semja við
Steypustöðina um reisingu burð-
arvirkis og eru áætluð verklok í
júní 2024. Í tengslum við þessa
vinnu er hafin vinna við framtíð-
arhönnun á íþróttavallasvæðinu
á Hellu, auk þess sem vinna við
þarfagreiningu á Laugaland-
skóla fer í gang í haust, þar sem
leitað verður við að uppfylla þær
þarfir sem við viljum sjá í nútíma
grunn og leikskóla. Einnig verða
leiksvæðin bæði á Laugalandi og
Þykkvabæ tekin til endurskoð-
unar og lagfæringar.

Iðnaðarverfi,
fráveitustöð og ný hverfi

Undanfarna mánuði hefur verið
unnið að veltengingum og nýja
stofnlögn að fyrirhugaðri frá-
veitustöð sunnan þjóðveggar. Búið
er að bjóða út gatnagerð við nýja
götu Lyngöldu á Hellu og verður
byrjað á þeirri framkvæmd á
næstu dögum. Hvað varðar við-
hald gatna og gangstétta verður
lagt nýtt slitlag yfir Langasand-
inn og gengið frá regnvatns-
lögnum þar í sumar. Á næstu

árum verða götur og gangstéttar
í elstu hverfunum endurnýjaðar
eftir ákveðinni forgangsörðun
sem sveitarstjórn setur sér. Einn-
ig er á lokametrum deiliskipulag
fyrir nýtt íbúðahverfi, svokallað
Bjargshverfi.

Efling Kaldavatnsteng-
ingar við Þykkvabæ

Nú er að hefjast vinna við nýja
kaldavatnslögn frá Suðurlands-
vegi og niður að Djúpós, þegar
þeirri framkvæmd verður lokið á
kaldavatnsöryggi að vera tryggt
til framtíðar í Þykkvabæ.

Göngu- og hjólastígur

Unnið hefur verið að undirbú-
ningi vegna hjóla og göngustígs á
milli Hellu og Hvolsvallar, sem
unnn er í samvinnu við Vegagerð
ríkisins og Landsnet. Landsnet er
að undirbúa að leggja nýjan raf-
streng og eru ákveðin samlegðar-
áhrif með lagningu rafstrengs og
göngu- og hjólastígs. Göngu- og
hjólastígur verður ekki unnn
á einu ári og er um verkefni til
næstu fimm ára a.m.k. að ræða.
Í sumar verður lagður stígur frá
Ytri-Rangá að gangbraut fyrir
framan Suðurlandsveg.

Viðhald á brúnni yfir
Ytri-Rangá og ný göngubrú

Það hefur varla farið framhjá
neinum að nú standa sem hæst
viðhaldsframkvæmdir á brúnni
yfir Ytri-Rangá, einnig verður
sett göngubrú utaná gömlu
brúnnu sem ætti að tryggja ör-
yggi gangandi vegfarenda. Þetta
verkefni er unnið af Vegagerð
ríkisins og eru áætluð verklok í
haust.

Landmannalaugar

Umhverfisstofnun fer með um-
sjón Friðlands að fjallabaki.
Samstarf Umhverfisstofnunar og
sveitarfélagsins er gott. Nú í júlí
birti Skipulagsstofnun álit sitt
vegna Umhverfismats í Land-
mannalaugum og er þar með
margra ára ferli að ljúka. Deili-
skipulag í Landmannalaugum
hefur því formlega tekið gildi



og uppbygging í takt við það
getur hafist. Árið 2016 sótti
sveitarfélagið um styrk til Fram-
kvæmdarsjóðs ferðamannastaða
til uppbyggingar 1. áfanga í
Landmannalaugum sem snýr að
göngustígum, þjónustuhúsi og
verulegri stækkun bílastæðis við
Námskvísl. Stefnir er að því að
sveitarfélagið hefji framkvæmdir
við stækkun bílastæðis á næstu
vikum ásamt roförmum.

Fossabrekkur

Fossabrekkur eru ein af perlum
Rangárþings ytra og var það fyrir
hvatningu aðgerðarráðs Land-
manna að farið var að huga að
frekari uppbyggingu í Fossa-
brekkum með það að markmiði
að náttúruperlan Fossabrekkur
verði aðgengileg öllum frá réttu
sjónarhorni. Framkvæmdasjóður
ferðamanna veitti myndarlegan
styrk til verkefnisins sem varð til
þess að hægt var að fara af stað
með það. Hönnun var boðin út í
vor og hefur verið gerður samn-
ingur við Landmótun um hönnun
áfangastaðarins. Stefnir er að því
að framkvæmdir hefjist í haust.

Að sjálfsögðu eru fjölmörg
önnur smærri verkefni í gangi frá
degi til dags, og efalaust finnst
mörgum þessi upptalning mikil
en öll þessi verkefni miða að
því að koma til móts við fjölgun
íbúa, gesta og byggja upp og hlúa
að innviðum sveitarfélagsins.

Eggert Valur Guðmundsson
Oddviti Rangárþings ytra

Leirlista- og skúlpúr smiðjur fyrir
fullorðna í Listasafni Árnesinga

Thomasine Giesecke, lista-
kona frá París mun leiðbeina
þessum smiðjum sem fara fram
helgina 5. og 6. ágúst. Um er að
ræða tvær mjög mismunandi að-
ferðir í skúlpúr. Sú fyrsta er að
móta úr leir í anda listaverksins
Ung stúlka eftir Gerði Helga-
dóttur og sú seinni er að tálga
í sápustein í anda tréskurðar-
meistarans Halldórs Einarssonar
en verk eftir báða listamennina
má sjá á sýningunni Hornsteinn
á Listasafni Árnesinga.

Í smiðjunni laugardaginn 5.
ágúst verður eingöngu notast
við leir, þáttakendur skissa fi-
gúru og út frá teikningunni móta
hana í leir. Smiðjan hentar vel
byrjendum sem vilja læra að

móta líkama skref fyrir skref.

Sunnudaginn 6. ágúst er svo
áherslan á að tálga taflmann úr
sápustein innblásið af skáksetti
Halldórs Einarssonar. Thomas-
ine mun leiðbeina þessari aðferð
skref fyrir skref.

Thomasine er sænsk/frönsk
listakona búsett í París og vinnur
á Orsay listasafninu. Hún hefur

unnið í stærstu söfnum í París og
haldið ótal smiðjur og námskeið
fyrir bæði fullorðna og börn.

Thomasine mun bjóða upp
á nokkrar smiðjur á Listasafni
Árnesinga á meðan dvöl hennar
stendur. Skráning er nauðsynleg
á listasafn@listasafnarnesinga.
is og takmarkað pláss er í smiðj-
urnar.





Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



📍 Eyraveggi 25, 800 Selfoss
☎ 482 1944
✉ selfoss@prentmetoddi.is



Þriðja umferð Íslandsmótsins í motocross

Þriðja umferð Íslandsmótsins í motocross fór fram hjá KKA á Akureyri þann 22. júlí síðastliðinn, rúmlega 85 þátttakendur voru skráðir til keppni og var hörku samkeppni í flestum flokkum. Eric Máni

Guðmundsson sigraði unglinga-flokkinn, Alexander Adam varð í öðru sæti í MX2, Ásta Petrea Hannesdóttir varð í fjórða sæti í kvennaflokk og Ragnheiður Brynjólfssdóttir varð í þriðja sæti í kvennaflokk 30+.

Fjórða umferð Íslandsmótsins fer svo fram á Motomos í Mosfellsbæ þann 12. ágúst n.k.

UMFS



50 ár hjá Brunavörnum Rangárvallasýslu

Þann 20. júlí héldu Brunavarnir Rangárvallasýslu sína árlegu skótuveislu fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra.

Í veislunni færði Leifur Bjarki slökkviliðsstjóri, Birgi Óskarssyni þakklætisvott fyrir 50 ára starf í þágu Brunavarna

Rangárvallasýslu. Birgir hóf stöf hjá Brunavörnum 1973 og hefur staðið vaktina síðan. Það er ekki sjálfgefið að veita starfskrafta sína á þessum vetvangi í svona langan tíma. Slökkviliðsstjóri tók það skýrt fram að ekki væri um kveðjugjöf að ræða,

því Brunavarnir vilja að sjálf-sögðu njóta starfskrafta Birgis eins lengi og hægt er.



Sprettur
ÁBURÐUR



HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steintoppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

BRAC AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert 
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir


LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is


Bilaverk BA

Par sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf.

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími


HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS


HREINSITÆKNI

**Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun**

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

*Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús*

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980